

1872.

23. maí.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við aðhjúkrun á betrunarhússfanga¹ á spítala í Kaupmannahöfn.

I bréfi, dagsettu 28. febrm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, stungið uppá, að greiða mætti úr landssjóðnum kostnað við aðhjúkrun á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sem á sveit í Torfastaða hrepp í Húnavatnssýslu, og hafði verið í betrunarhúsvinnu, í stað þess að kostnaður þessi yrði goldinn af framfærsluhrepp hennar, sem eftir skýrslum þeim, er fylgðu bréfi yðar, kvað mjög efnaltíll, — en fátækrastrjórnin í Kaupmannahöfn hafði borgað kostnaðinn til bráðabirgða.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að lög leyfa ekki, að leggja endurgjald þessa kostnaðar á landssjóðinn, en ef yður finnst, að Torfastaða hreppur sé svo efnaltíll í samanburði við aðra hreppa í amtinu, að hann eigi sé fær um að endurgjalda alla upphæðina, þá er eftir atvikum ekkert því til fyrirstöðu af hálfu stjórnarráðsins, að helmingurinn af upphæðinni verði goldinn af jafnaðarsjóði amtsins.

24. maí.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Í bréfi 5. febrúar þ. á. með fylgiskjölum hafið þér, herra amtmaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita ágreining nokkurn, sem orðið hefir milli hreppstjóranna í Lýtingstaðahrepp og Seiluhrepp í Skagafjarðarsýslu um það, í hvorum hreppnum sveitarómaginn Sigfús Hannesson með hyski sínu sé sveitlægur. Með úrskurði 8.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 185.